

11/08/2022

Heilir og sælir nemendur í dreifnámi

Nú fer óðum að styttest í upphaf skóla. Verkmenntaskóli Austurlands verður settur mánudaginn 22. ágúst og er gert ráð fyrir að fyrsti kennsludagur í dreifnáminu verði þriðjudaginn 23. ágúst.

Á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum, kl. 17 – 21 eru kennarar til staðar á verkstæðum til að aðstoða nemendur við vinnu sína.

Einn áfangi á 5. önn verður þó kenndur með lotum, þ.e. áfanginn RÖKV3HS05 Rökrásir 5. Kennt verður í tveimur lotum og verður fyrirkomulagið kynnt fljótlega.

Hér má sjá skóladagatal fyrir skólaárið 2022-2023. Kvöldtímarnir fylgja dagatalinu, þ.e. kvöldtímar eru á „grænum” þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum.

Til að fara yfir fyrirkomulag námsins viljum við bjóða ykkur til kynningarfundar þriðjudaginn 23. ágúst kl. 17:00. Fundurinn verður haldinn í stofu 22 á efri hæð í verknámshúsi.

Kynningarfundurinn er sérstaklega hugsaður fyrir þá sem eru að hefja dreifnám – en eldri nemendur eru að sjálfsögðu velkomnir líka.

Dagskrá:

- Skólameistari opnar fundinn
- Unnur Ása Atladóttir, áfangastjóri, gerir grein fyrir hlutverki sínu í nemendapjónustu.
- Guðný Björg Guðlaugsdóttir, náms- og starfsráðgjafi, fer yfir þá þjónustu sem stendur nemendum til boða.
- Viðar Guðmundsson, kerfisstjóri og kennari í rafiðngreinum fer yfir lykilorð í [Innu](#) og á [Kennsluvef](#) ásamt því að kynna þessi kerfi lauslega.
- Þuríður Ragnheiður Sigurjónsdóttir, deildarstjóri í rafiðndeild fer yfir fyrirkomulag námsins

Kær kveðja

Hafliði Hinriksson

Skólameistari